



Forsætisnefnd

Reykjavík, 9. apríl 2026
MIR24050008

Gjaldskrá á þjónustu á vegum menningar- og íþróttasviðs

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 27. mars 2026 var lögð fram hjálögð tillaga um gjaldskrá á þjónustu á vegum menningar- og íþróttasviðs.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Framsóknarflokksins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ný gjaldskrá MÍR í sundlaugum borgarinnar, Ylströnd og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum hefur það markmið að hvetja til aukinnar notkunar og stuðla jafnframt að sanngjarnari gjaldskrá sem umbunar borgarbúum sem eru fastagestir á sama tíma tryggja að aðrir gestir sérstaklega erlent ferðafólk borgi nær raunkostnaði fyrir þjónustuna. Þannig lækkar verð á ársmiðum í sund, Ylströnd og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn um 21-77%. Þá er í fyrsta skipti boðið upp á að kaupa ársmiða í áskrift sem gerir þann valkost mun eftirsóknarverðari fyrir þau sem hafa minni kaupmátt. Gjaldskrárhópnum er þakkað fyrir vel unnin störf undanfarin tæp 2 ár.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja framlagða tillögu um breytingar á gjaldskrár menningar- og íþróttasviðs. Tillagan felur í sér einföldun gjaldskrár og aukna áherslu á áskriftarleiðir sem getur stuðlað að aukinni notkun og bættri nýtingu þjónustunnar. Mikilvægt er að fylgjast sérstaklega með áhrifum breytinganna á þá sem nýta þjónustuna sjaldnar, sem og á fjölskyldur, í ljósi fækkunar á millileiðum og fjölskyldulausnum. Jafnframt er ástæða til að skoða sérstaklega áhrif gjaldtöku á eldra fólk á Ylströnd og tryggja að breytingin hafi ekki neikvæð áhrif á aðgengi og þátttöku. Einnig er mikilvægt að breytingar á gjaldtöku barna og ungmenna verði sérstaklega kynntar með skýrum og aðgengilegum hætti. Að lokum er lögð áhersla á að breytingarnar verði teknar til endurmats með hliðsjón af notkun og félagslegum áhrifum.

Fulltrúi Framsóknarflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar situr hjá við afgreiðslu málsins, fjárhagslegt mat og áhættugreining hefði þurft til að meta áhrif á þessum gjaldskrárbreytingum áður en þær eru samþykktar. Framsókn hefði talið til bóta að hækka einskíptis gjöld meira til þess að skapa hvata fyrir Reykvíkinga til að kaupa



árskort. Slík nálgun hefði sérstaklega hækkað tekjur borgarinnar af þeim ferðamönnum sem sækja laugarnar. Rétt er að minna á að rekstur sundlauga, Ylstrandarinnar og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn er niðurgreiddur af skattgreiðendum í Reykjavík og eðlilegt að ferðamenn og íbúar annarra sveitarfélaga greiði gjald sem endurspeglar betur raunkostnað. Að lokum telur Framsókn mikilvægt að við mótun gjaldskrár sé fyrst og fremst horft til langtímasjónarmiða og fjárhagslegrar ábyrgðar. Í því samhengi verður ekki hjá því litið að tímasetning og umfang þeirra lækkana sem lagðar eru til vekja ákveðnar spurningar, sérstaklega í ljósi komandi kosninga.

Steinþór Einarsson,
sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Hjálagt:
Tillaga um gjaldskrá



Reykjavík



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð

Sendandi: Stýrihópur um gjaldskrár þjónustu á vegum menningar- og íþróttasviðs

Reykjavík, 26. mars 2026

MIR2405008

TILLAGA

I. Breytingar á gjaldskrám MÍR

Á fundi menningar-, íþrotta- og tómstundaráðs, dags. 10. maí 2024, voru samþykkt drög að erindisbréfi, dags. 8. maí 2024, um stýrihóp um gjaldskrár þjónustu á vegum menningar- og íþróttasviðs, sbr. MIR2405008. Samkvæmt erindisbréfi var starfstími stýrihópsins afmarkaður til dags. 15. ágúst 2024.

Stýrihópin skipuðu upphaflega Kristinn Jón Ólafsson, Pawel Bartoszek og Stefán Pálsson en á síðari stigum, fyrri hluta árs 2025, vék Pawel Bartoszek úr hópnum og í hans stað kom inn Aðalsteinn Haukur Sverrisson.

Stýrihópurinn leggur til að menningar- og íþróttaráð samþykki fyrir sitt leyti og leggi til við borgarráð að gjaldskrám sundlauga Reykjavíkurborgar, Ylstrandarinnar, og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins verði breytt í samræmi við eftirfarandi tillögur.

Breytingar á gjaldskrá sundlauga Reykjavíkurborgar:

	Núverandi gjaldskrá	Ný gjaldskrá
Fullorðnir árgjald	48.000 kr.	34.000 kr. - 2.833 kr. í áskrift á mán.
Fullorðnir stakt gjald	1.430 kr.	1.500 kr.
Fullorðnir 10 miða kort*	6.520 kr. - 652 kr./skiptið	7.000 kr. - 700 kr./skiptið
Börn 0-9 ára	Frítt	Frítt með forráðamanni
Ungmenni 10-17 ára árgjald	Frítt 0-15 ára Ungmenni 16 og 17 ára 220 kr.	2.000 kr.
Ungmenni 10-17 ára án aðgangskorts		400 kr.
Eldra fólk 67 ára og eldri árgjald	4.150 kr.	4.000 kr. - 333 kr. í áskrift á mánuði
Fólk með örorku**	Frítt	Frítt
Aðgangskort plast eða rafrænt (fyrir ungmenni og fullorðna)	Fullorðnir 1.010 kr. Ungmenni 610 kr.	1.000 kr.

Þá verða eftirfarandi vörur teknar úr sölu í kjölfar breytinga:

- Fullorðnir 20 miða kort

* Inneign 10 skipta korta gildir í 4 ár frá kaupum - skiptakort gilda ekki fyrir hópa

** Umönnunaraðili fær frítt með - gildir einu sinni á dag gegn framvísun örorkuskírteinis TR



Reykjavík



- Fullorðnir 6 mánaða kort
- Ungmenni 16-17 ára stakt gjald
- Ungmenni 16-17 ára 10 miða kort
- Ungmenni 16-17 ára 6 mánaða kort
- Ungmenni 16-17 ára árskort

Rökstuðningur fyrir skráningu og aðgangskorti ungmenna

Krafa um skráningu og aðgangskort barna er sett fram af öryggisástæðum. Nauðsynlegt er að hafa nákvæmar upplýsingar um aldur, þ.e. 10 ára börn og eldri mega fara ein í sund, og hvaða börn eru á starfsstöðunum hverju sinni. Þá munu aðgangskortin fækka prentuðum aðgangsmiðum og minnka álag á framlínustarfsfólk.

Lagt er til að tekið verði gjald fyrir útgáfu á plastkorti eða stafrænu korti og að það verði kr. 1.000. Lagt er upp með að aðgangskort geti nýst á alla starfsstaði borgarinnar og það verði hægt að fylla inn á það ólíkar þjónustur/áskriftir eftir því sem við á.

Ákveðinn beinn kostnaður hlýst af því að kaupa plastkort eða rafrænt kort fyrir börn. Með því að innheimta mjög hóflegt gjald fyrir plastkort eða rafrænt kort er þessum kostnaði mætt. Þá er komið í veg fyrir að Reykjavíkurborg sé að bera sérstakan kostnað af aðsókn barna með lögheimili utan Reykjavíkur eða barna erlendra ferðamanna á starfsstaðina, en á móti gæti Reykjavíkurborg haft tekjur af þessum gestum sem geta þá greitt stakt ungmenna gjald eða valið að kaupa sér aðgangskort.

Að teknu tilliti til álits innviðaráðuneytisins í máli nr. IRN22010877 frá 27. júní 2023 er talið að framangreind tillaga sé í góðu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaga að tryggja jafnræði og meðalhóf enda yrði gjaldtöku gagnvart öllum börnum háttað með sama hætti óháð búsetu.

Þó skal áréttað að af hálfu Reykjavíkurborgar verður þeim kostnaði sem leggst á reykvísk börn, þ.e. ungmenni á aldrinum 10-17 ára með lögheimili í Reykjavík, mætt með því að Reykjavíkurborg taki á sig kostnað vegna útgáfu fyrsta aðgangskorts og árgjalds (bæði vegna sundlauga og Ylstrandar). Þannig munu reykvísk börn ekki að þurfa að bera kostnað af því að sækja þjónustu sundlauga eða Ylstrandarinnar. Reykvísk börn munu ennfremur geta keypt þjónustu af öðrum starfsstöðum MÍR og hlaðið henni inn á umrætt kort t.d. árskort í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

Gjaldfrjáls útskipting plastkorta fyrir stafræna Reykjavíkurkortið

Í gjaldskrártillögum er lagt til að aðgangskort, hvort sem um er að ræða plast eða stafrænt borgarkort, kosti kr. 1.000. Allar áskriftir skulu vera tengdar við plastkort eða rafrænt borgarkort. Í tengslum við innleiðingu stafræns Reykjavíkurkorts er þó lagt til að útskipti plastkorts yfir í snjallveskisláusn verði fólki heimil þeim að kostnaðarlausu enda hafa neytendur þá þegar lagt út kostnað fyrir plastútgáfuna.

Breytingar á gjaldskrá Ylstrandarinnar:





	Núverandi gjaldskrá	Ný gjaldskrá
Fullorðnir árgjald	22.700 kr.	18.000 kr. - 1.500 kr. í áskrift á mánuði
Fullorðnir 6 mán. kort	12.400 kr.	12.000 kr. - 2.000 kr. í áskrift á mánuði
Fullorðnir stakt gjald	950 kr.	1.500 kr.
Börn 0-9 ára	Frítt	Frítt með forráðamanni
Ungmenni 10-17 ára árgjald		2.000 kr.
Ungmenni 10-17 ára án aðgangskorts		400 kr.
Eldra fólk 67 ára og eldri árgjald	Frítt	4.000 kr. – 333 kr. í áskrift á mánuði
Fólk með örorku*	Frítt	Frítt
Aðgangskort plast eða rafrænt	Fullorðnir 1.010 kr.	1.000 kr.

* Umönnunaraðili fær frítt með - gildir einu sinni á dag gegn framvísun örorkuskírteinis TR

Þá verða eftirfarandi vörur teknar úr sölu í kjölfar breytinga:

- Fullorðnir 10 miða kort
- Fullorðnir 20 miða kort

Sjá umfjöllun um skráningu og aðgangskort barna og ungmenna í umfjöllun um gjaldskrá sundlauga Reykjavíkur.

Breytingar á gjaldskrá Fjölskyldu- og húsdýragarðsins:

	Núverandi gjaldskrá	Ný gjaldskrá
Börn árgjald	Almennt árskort 17.600 kr.	4.000 kr. - 333 kr. í áskrift á mánuði
Fullorðnir árgjald	Almennt árskort 17.600 kr.	7.000 kr. - 583 kr. í áskrift á mánuði
Börn 0-5 ára	Frítt	Frítt með forráðamanni
Börn 6-17 ára stakt gjald*	Börn 6-12 ára 1.210 kr. Börn 13 ára og eldri 1.760 kr.	1.600 kr.
Fullorðnir stakt gjald**	1.760 kr.	2.800 kr.
Eldra fólk 67 ára og eldri árgjald	Frítt	4.000 kr. - 333 kr. í áskrift á mánuði
Fólk með örorku***	Frítt	Frítt
Aðgangskort plast eða rafrænt	Aðgangsplast 6-12 ára 610 kr. Aðgangsplast 13 ára og eldri 1.010 kr.	1.000 kr.

* Utan háannatíma er leyfilegt að veita allt að 50% afslátt eða barnagjald á 800 kr.

** Utan háannatíma er leyfilegt að veita allt að 50% afslátt eða fullorðinsgjald á 1.400 kr.

*** Umönnunaraðili fær frítt með - gildir einu sinni á dag gegn framvísun örorkuskírteinis TR

Þá verða eftirfarandi vörur teknar úr sölu í kjölfar breytinga:

- Árskort fjölskyldu
 - o plús barn
 - o plús fullorðinn
- Börn 10 miða kort
- Fullorðnir 10 miða kort

II. Gildistaka nýrrar gjaldskrár



Reykjavík



Fallist Menningar- og íþróttaráð á framangreindar tillögur er ljóst að bera þarf þær upp fyrir borgarstjórn til samþykktar.

Lagt er til að gjaldskrárbreytingarnar taki gildi eins fljótt og auðið er í kjölfar samþykkis borgarstjórnar. Hafi tillögurnar fengið jákvæða afgreiðslu af hálfu Menningar- og íþróttaráðs og borgarstjórnar fyrir 15. apríl nk. er lagt til að gildistaka verði 1. maí nk.

III. Beiðni um frekari rýni á öðrum hugmyndum að gjaldskrárbreytingum

Til viðbótar við framangreindar tillögur að breytingum á gjaldskrár leggur stýrihópurinn til að Menningar- og íþróttaráð vísir öðrum nánar tilgreindum tillögum að gjaldskrárbreytingum til frekari rýni hjá Menningar- og íþróttasviði í samvinnu við Þjónustu- og nýsköpunarsvið. Stýrihópurinn hefur sammælt um jákvæða afstöðu til að óska eftir frekari rýni á eftirtöldum tillögum:

- Endurhæfingar tímabilskort í sund og Ylströnd á sérstökum afsláttarkjörum
- Fæðingarorlofs tímabilskort í sund á sérstökum afsláttarkjörum
- Ungmennakort fyrir 18-24 ára í sund, Ylströnd og söfn á sérstökum afsláttarkjörum
- Fullorðinn árskort í sund og Ylströnd á sérstökum afsláttarkjörum
- Kort fyrir 67 ára og eldri í sund, Ylströnd, Fjölskyldu- og húsdýragarð og söfn á sérstökum afsláttarkjörum
- Fjölskyldukort í sund, Ylströnd, Fjölskyldu- og húsdýragarð, og söfn á sérstökum afsláttarkjörum
- Breytingar á gjaldskrár safna og menningarkorti Reykjavíkurborgar

Er lagt til að Menningar- og íþróttasvið í samvinnu við Þjónustu- og nýsköpunarsvið verði falið að meta arðsemi framangreindra tillagna til framtíðar, áhrif þeirra á tekjur starfsstaða á mótum frekari hækkun stakra gjalda upp í raunkostnað, og kortleggja mögulegar tæknilegar og lagalegar áskoranir.

